# Ársskýrsla 1984

# KKÍ

# Ársskýrsla Körfuknattleikssambands Íslands,1983-1984.

Stjórnarkjör fór fram á 23. ársþingi KKÍ. Eftirtalin voru kjörin:

Formaður: Þórdís Anna Kristjánsdóttir,
Til tveggja ára: Kristbjörn Albertsson,
Kristinn Stefánsson.

Sjálfkjörnir til eins árs: Einar Bollason
Guðni Ölversson

Í varastjórn: Gunnar Valgeirsson
Helgi Ágústsson

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Þórdís Anna Kristjánsdóttir, formaður
Guðni Ölversson , varaformaður
Kristinn Stefánsson, gjaldkeri
Kristbjörn Albertsson, ritari
Einar Bollason, meðstjórnandi

Nefndir, dómstóll og endurskoðendur 1983-1984.

Mótanefnd: Kolbrún Jónsdóttir
Þórdís Anna Kristjánsdóttir
Guðni Ölversson

Dómaranefnd: Örn Andrésson
Davíð Sveinsson
Gunnar Valgeirsson

Unglinganefnd: Einar Bollason
Jón Sigurðsson
Torfi Magnússon
Helgi Helgason

| | | |
|---|---|---|
| Aganefnd: | Einar Matthíasson | 1 ár |
| | Hrafn G. Johnsen | 2 ár |
| | Jón Eysteinsson | 3 ár |
| Til vara: | Birgir Örn Birgis | 1 ár |

| | | |
|---|---|---|
| Dómstóll KKÍ: | Helgi Ágústsson | 1 ár |
| | Jón Jörmundsson | 2 ár |
| | Árni Guðmundsson | 3 ár |
| Varamenn: | Sigurður Þórarinsson | 1 ár |
| | Kolbeinn Pálsson | 2 ár |
| | Kolbrún Jónsdóttir | 3 ár |

Endurskoðendur: Gunnar Gunnarsson
Sigurður Valur Halldórsson

Fræðslustjóri: Hilmar Gunnarsson.

Helztu verkefni stjórnar:

Ráðning framkvæmdastjóra

Skipun í nefndir

Samningar við unglinganefnd, unglingaþjálfara

Auglýsingarsamningur við Samvinnuferðir/Landssýn

Íslandsmót - niðurröðun, leikjabók

Dómaranámskeið fyrir starfandi dómara

Samningar við ríkisútvarp

Innheimtur skulda og gjalda félaga

Greiðsla skulda KKÍ

Landsliðsmál

Samningur við PUMA

Ráðning fræðslustjóra

Landshappdrætti KKÍ

Lokahóf

Nýr framkvæmdastjóri. Helgi Helgason lét af störfum og var þá ráðin Kolbrún Jónsdóttir frá 1. ágúst í fullt starf.

Skipun í nefndir: Erfiðlega gekk að fá fólk til starfa í nefndum á vegum KKÍ.
Fyrri unglinganefnd hélt áfram störfum og þarmeð leystist sá vandi.

Landsliðsnefnd náðist ekki saman, þrátt fyrir fundarhöld og áhuga-yfirlýsingar ýmissa manna.

Dómaranefnd náðist nokkuð vandkvæðalaust.

Mótanefnd skipuðu hins vegar stjórnarmenn og framkvæmdastjóri. Þegar einsýnt var, að ekki fengist annað.

Innheimta. Félögum var gefinn kostur á að greiða gjöld sín í þrennu lagi - síðast 1. des. Má álíta að þetta hafi gefið góða raun, sé tekið mið af hvernig innheimtist. Staða flestra félaga gagnvart KKÍ betri en undanfarin ár.

Mótahald. Vinna við niðurröðun Íslandsmóts og útgáfu leikjabókar er alltaf mikil. Tókst að gefa út leikjabók fyrir fyrsta leik í Íslandsmóti. Yngri flokkakeppnin fór fram í turnesingum, með úrslitakeppni 30. marz-1. apríl.
Skortur á starfsfólki til umsjónar í úrslitakeppni yngrifl. er vandamál, sem leysa verður öðru vísi en með vinum og vandamönnum móta- og dómaranefndarmanna.
Skólamót og bikarkeppni fóru fram að vanda, en firmakeppni féll niður vegna þátttökuleysis.

Lands. happdrætti KKÍ. Hreint hneyksli - 2000 miðar seldir.

Fræðslumál. Gunnar Gunnarsson hætti sem fræðslustjóri s.l. vor.

í stað hans, þó ekki fyrr en 8. febrúar '84, var ráðinn Hilmar Gunnarsson.

KKÍ - blaðamenn. Samstarf við blaðamenn var mikið og gott á starfsárinu. Má segja að hver mánudagur hjá framkvæmdastjóra hafi farið í upplýsingaöflun um úrslit helgarinnar og koma þeim til blaðamanna.

Landslið. Þar sem engin landsliðsnefnd var starfandi var ákveðið að æfingar einskorðuðust við EM - í apríl. Landliðsþjálfari var ráðinn Hilmar Hafsteinsson og honum til aðstoðar Sigurður Hjörleifsson.

Stórmót Sparisjóðs Keflavíkur var haldið 12. og 15. apríl í Keflavík. Sparisjóðurinn gaf fé til styrktar landsliði og bikar í keppnina. Beztu þakkir. Það leyndist alvöruáhugi á landsliði.

Auglýsingarsamningur við Samvinnuferðir - Landsýn. KKÍ náði góðum samningi við S/L gegn auglýsingu á búningum Landsliðs.
Var upphæðinni skipt jafnt milli landsliðs og unglingalandsliðs.

PUMA - samningur. KKÍ barst tilboð um samning við Puma , þar sem Puma býður allan útbúnað á eitt lið (12 leikmenn + 4 extra) gegn því að öll landslið á vegum KKÍ noti PUMA.
Ákveðið var að ganga að tilboðinu, þótt ekki tækist að fá útbúnaðinn fyrir EM.

Lokahóf. var haldið í Félagsstofnun stúdenta 6. apríl og skemmtu sér allir sem mættu konunglega að vanda.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Störf mótanefndar sl. vetur voru með hefðbundnum hætti. Leikjabók kom út áður en mót hófust og eru ár og öld síðan slíkt hefur gerst hér hjá okkur.

Hvernig framkvæmdin gekk svo til með framkvæmd mótanna er annarra að dæma um.

Það er skoðun undirritaðrar að skila ætti þátttökutilkynningum að vori t.d. fyrir 1.júní, í ágúst yrði síðan sent út uppkast að niðurröðun og félög beðin að gera athugasemdir og eftir það yrðu breytingar ekki gerðar, því þessar eilífu frestanir og breytingar riðla mótinu alveg ótrúlega eins og sum félög hafa orðið óþyrmilega vör við í vetur.

En skellum okkur í úrslitin.

Úrslit í Íslandsmóti.

Úrvalsdeild:

| | l | u | t | skor | stig |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 20 | 15 | 5 | 1627:1502 | 30 |
| Valur | 20 | 10 | 10 | 1678:1602 | 20 |
| KR | 20 | 10 | 10 | 1478:1475 | 20 |
| Haukar | 20 | 9 | 11 | 1479:1516 | 18 |
| ÍR | 20 | 9 | 11 | 1588:1584 | 18 |
| ÍBK | 20 | 7 | 13 | 1387:1538 | 14 |

Nú var í fyrsta sinn háð úrslitakeppni úrvalsdeildar. Hún fór þannig fram að lið í 1.sæti keppti 2-3 leiki við lið í 4.sæti og lið í 2.sæti keppti sömuleiðis 2-3 leiki við lið í 3.sæti. Þau lið sem báru sigur úr bítum í þessum viðureignum léku síðan 2-3 leiki um Íslandsmeistaratitilinn.

Úrslit í þessum leikjum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| UMFN - Haukar | 53:49 |
| Valur - KR | 76:61 |
| Haukar - UMFN | 93-94 |
| KR - Valur | 87:71 |
| Valur - KR | 87:79 |
| UMFN - Valur | 61:59 |
| Valur - UMFN | 91:92 |

Íslandsmeistarar eru því UMFN, en lið ÍBK féll í 1.deild.

1.deild kvenna:

| | l | u | t | skor | stig |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍS | 16 | 12 | 4 | 723:625 | 24 |
| ÍR | 16 | 12 | 4 | 756:677 | 24 |
| Haukar | 16 | 9 | 7 | 777:690 | 18 |
| UMFN | 16 | 5 | 11 | 597:674 | 10 |
| KR | 16 | 2 | 14 | 498:685 | 4 |

Eins og sést á þessu eru ÍS og ÍR með jafnmörg stig, en samkvæmt reglum KKÍ telst það lið sigurvegari sem hefur sigrað í fleiri innbyrðis virðureignum. ÍS sigraði ÍR þrisvar og eru því Íslandsmeistarar 1984.

1.deild karla:

| | l | u | t | stig |
|---|---|---|---|---|
| ÍS | 20 | 15 | 5 | 30 |
| Fram | 20 | 13 | 7 | 26 |
| UMFL | 20 | 13 | 7 | 26 |
| UMFG | 20 | 9 | 11 | 18 |

1.deild karla frh:

| | l | u | t | stig |
|---|---|---|---|---|
| Þór | 20 | 9 | 11 | 18 |
| UMFS | 20 | 1 | 19 | 2 |

ÍS er því sigurvegari í 1.deild karla 1984 og leikur í Úrvalsdeild að ári, en UMFS féll í 2.deild.

2.deild karla:

| A-riðill | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍME | 6 | 5 | 1 | 10 | í úrslit |
| SE | 6 | 5 | 1 | 10 | |
| Sindri | 6 | 0 | 6 | 0 | |

| B-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 8 | 8 | 0 | 16 | í úrslit |
| UBK | 8 | 6 | 2 | 12 | |
| ÍA | 8 | 4 | 4 | 8 | |
| Tindastóll | 8 | 2 | 6 | 4 | |
| Léttir | 8 | 0 | 8 | 0 | |

| C-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Reynir | 6 | 6 | 0 | 12 | í úrslit |
| KFÍ | 6 | 4 | 2 | 8 | |
| HK | 6 | 2 | 4 | 4 | |
| Esja | 6 | 0 | 6 | 0 | |

Úrslitakeppni var háð á Egilsstöðum helgina 6.7.og 8.apríl og fóru leikar þannig:

| | |
|---|---|
| ÍME - Snæfell | 76:75 |
| Reynir - Snæfell | 78:59 |
| ÍME - Reynir | 45:73 |

Sigurvegari í 2.deild 1984 er því Reynir, Sandgerði og leika þeir í 1.deild að ári.

Lávarðadeild:

| A-riðill | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍS a | 4 | 4 | 0 | 8 | í úrslit |
| ÍR | 4 | 1 | 3 | 2 | |
| Ármann | 4 | 1 | 3 | 2 | |

| B-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KR | 4 | 4 | 0 | 8 | í úrslit |
| Valur | 4 | 2 | 2 | 4 | |
| ÍS b | 4 | 0 | 4 | 0 | |

Úrslitaleikur fór fram 30.mars milli ÍS a og KR og lauk með sigri ÍS 56:50

1.flokkur karla:

| | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍS | 8 | 8 | 0 | 16 | Íslandsmeistarar |
| KR | 8 | 7 | 1 | 14 | |
| UMFN | 8 | 5 | 3 | 10 | |
| Fram | 8 | 4 | 4 | 8 | |
| Valur | 8 | 4 | 4 | 8 | |
| UBK | 8 | 3 | 5 | 6 | |
| Haukar | 8 | 2 | 6 | 4 | |
| ÍBK | 8 | 2 | 6 | 4 | |
| ÍR | 8 | 1 | 7 | 2 | |

Þess má geta að svo lengi sem elstu menn muna hafa KR-ingar sigrað í þessum flokki.

## 2.flokkur kvenna:

| | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 15 | 15 | 0 | 30 | Íslandsmeistarar |
| Haukar | 15 | 10 | 5 | 20 | |
| ÍR | 15 | 8 | 7 | 16 | |
| KR | 15 | 6 | 9 | 12 | |
| UMFN | 15 | 6 | 10 | 10 | |
| UMFS | 15 | 1 | 14 | 2 | |

## 2.flokkur karla:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 8 | 7 | 1 | 14 | Íslandsmeistarar |
| UMFN | 8 | 7 | 1 | 14 | |
| KR | 8 | 6 | 2 | 12 | |
| ÍR | 8 | 4 | 4 | 8 | |
| Fram | 8 | 4 | 4 | 8 | |
| Valur | 8 | 3 | 5 | 6 | |
| ÍBK | 8 | 3 | 5 | 6 | |
| Reynir | 8 | 1 | 7 | 2 | |
| ÍA | 8 | 1 | 7 | 2 | |

## 3.flokkur kvenna:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 12 | 12 | 0 | 24 | Íslandsmeistarar |
| UMFS | 12 | 9 | 3 | 18 | |
| UMFG | 12 | 5 | 7 | 10 | |
| Haukar | 12 | 3 | 9 | 6 | |
| ÍR | 12 | 1 | 11 | 2 | |

## 3.flokkur karla:

A-riðill

| | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 9 | 8 | 1 | 16 | í úrslit |
| KR | 9 | 4 | 5 | 8 | í úrslit |
| Þór | 9 | 4 | 5 | 8 | |
| Valur | 9 | 2 | 7 | 4 | |

B-riðill

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 12 | 11 | 1 | 22 | í úrslit |
| ÍR | 12 | 10 | 2 | 20 | í úrslit |
| Haukar | 12 | 6 | 6 | 12 | |
| Reynir | 12 | 2 | 10 | 4 | |
| ÍA | 12 | 1 | 11 | 2 | |

Úrslitakeppni:

| | |
|---|---|
| UMFN - KR | 134:76 |
| ÍBK - ÍR | 69:72 |
| KR - ÍR | 82:92 |
| UMFN - ÍR | 99:95 |
| ÍBK - KR | 73:50 |
| UMFN - ÍBK | 68:61 |

ÍBK er því Íslandsmeistari 1984, ÍR í öðru sæti, UMFN í 3.sæti og KR í fjórða sæti.

## 4.flokkur karla:

A-riðill

| | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 12 | 10 | 2 | 20 | í úrslit |
| UMFS | 12 | 8 | 4 | 16 | í úrslit |
| ÍR a | 12 | 8 | 4 | 16 | |
| Fram | 12 | 4 | 8 | 8 | |
| ÍR b | 12 | 0 | 12 | 0 | |

## 4.flokkur karla frh:

| B-riðill | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| Tindastóll | 12 | 10 | 2 | 20 | í úrslit |
| KR | 12 | 9 | 3 | 18 | í úrslit |
| UMFG | 12 | 8 | 4 | 16 | |
| Þór | 12 | 3 | 9 | 6 | |
| Reynir | 12 | 0 | 12 | 0 | |

| C-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 9 | 9 | 0 | 18 | í úrslit |
| UMFN | 9 | 5 | 4 | 10 | |
| Valur | 9 | 4 | 5 | 8 | |
| UBK | 9 | 0 | 9 | 0 | |

Úrslitakeppni:

| | |
|---|---|
| ÍBK - Haukar | 60:52 |
| Tindast.-KR | 46:47 |
| KR - ÍBK | 50:56 |
| Haukar - UMFS | 105:46 |
| ÍBK - Tindastóll | 60:55 |
| Tindastóll - UMFS | 44:61 |
| ÍBK - UMFS | 82:61 |
| KR - Haukar | 47:54 |
| UMFS - KR | 64:54 |
| Tindast. - Haukar | 31:42 |

Lokastaðan:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 4 | 4 | 0 | 8 | Íslandsmeistari |
| Haukar | 4 | 3 | 1 | 6 | |
| UMFS | 4 | 2 | 2 | 4 | |
| KR | 4 | 1 | 3 | 2 | |
| Tindast. | 4 | 0 | 4 | 0 | |

## 5.flokkur karla:

| A-riðill | l | u | t | stig | |
|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 9 | 7 | 2 | 23 | í úrslit |
| ÍBK a | 9 | 7 | 2 | 23 | í úrslit |
| ÍA | 9 | 3 | 6 | 12 | |
| ÍBK b | 9 | 1 | 8 | 2 | |

| B-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFG | 12 | 12 | 0 | 34 | í úrslit |
| UMFN | 12 | 9 | 3 | 27 | í úrslit |
| Valur | 12 | 5 | 7 | 20 | |
| Fram | 12 | 4 | 8 | 9 | |
| HK | 12 | 0 | 12 | 1 | |

| C-riðill | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍR a | 9 | 9 | 0 | 27 | í úrslit |
| Reynir | 9 | 5 | 4 | 19 | í úrslit |
| ÍR b | 9 | 1 | 8 | 11 | |
| KR | 9 | 3 | 6 | 9 | |

Úrslitakeppni:

| | |
|---|---|
| ÍR - Haukar | 29:22 |
| ÍBK - UMFN | 29:26 |
| Haukar-Reynir | 28:18 |
| ÍR-ÍBK | 41:35 |
| UMFG-Reynir | 55:33 |
| UMFN - ÍR | 40:37 |
| Haukar-ÍBK | 40:31 |
| UMFG-UMFN | 45:44 |
| ÍBK-UMFG | 38:34 |
| UMFN-Reynir | 44:28 |
| UMFG-Haukar | 32:28 |
| ÍR-Reynir | 47:22 |
| Haukar-UMFN | 37:33 |
| ÍR-UMFG | 42:28 |
| ÍBK-Reynir | 68:25 |

Lokastaðan:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍR | 5 | 4 | 1 | 12 | Íslandsmeistarar |
| Haukar | 5 | 3 | 2 | 11 | |
| ÍBK | 5 | 3 | 2 | 11 | |
| UMFG | 5 | 3 | 2 | 10 | |
| UMFN | 5 | 2 | 3 | 9 | |
| Reynir | 5 | 0 | 5 | 5 | |

## Minnibolti.

### A-riðill. ath. jafntefli er leyft í Minnibolta.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍR a | 12 | 11 | 0 | 1 | 22 | í úrslit |
| UBK | 12 | 7 | 0 | 5 | 14 | í úrslit |
| ÍR e | 12 | 7 | 0 | 5 | 14 | |
| UMFG | 12 | 5 | 0 | 7 | 10 | |
| Valur | 12 | 0 | 0 | 12 | 0 | |

### B-riðill.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 12 | 12 | 0 | 0 | 24 | í úrslit |
| KR | 12 | 7 | 0 | 5 | 14 | í úrslit |
| Fram | 12 | 4 | 0 | 8 | 8 | |
| HK | 12 | 4 | 0 | 8 | 8 | |
| UMFS | 12 | 0 | 0 | 12 | 0 | |

### C-riðill.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 9 | 8 | 1 | 0 | 17 | í úrslit |
| ÍBK a | 9 | 6 | 1 | 2 | 13 | |
| ÍBK b | 9 | 2 | 0 | 7 | 4 | |
| Reynir | 9 | 1 | 0 | 8 | 2 | |

Úrslitakeppni.

| | |
|---|---|
| UBK:Haukar | 31:46 |
| Haukar:KR | 36:34 |
| UBK:KR | 37:28 |
| UBK:ÍR a | 18:50 |
| ÍR a:UMFN | 34:34 |
| KR:UMFN | 34:40 |
| ÍR a:KR | 49:22 |
| UBK:UMFN | 34:48 |
| ÍR:Haukar | 36:26 |
| UMFN:Haukar | 44:24 |

Lokastaðan.

| | L | U | J | T | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 4 | 3 | 1 | 0 | 7 |
| ÍR a | 4 | 3 | 1 | 0 | 7 |
| Haukar | 4 | 2 | 0 | 2 | 4 |
| UBK | 4 | 1 | 0 | 3 | 2 |
| KR | 4 | 0 | 0 | 4 | 0 |

Þar sem ÍR og UMFN eru jöfn að stigum og innbyrðis viðureign þeirra lauk með jafntefli gildir stigaskor úr leikjum þessara liða við lið í 3.sæti. Því eru Njarðvíkingar Íslandsmeistarar í Minnibolta 1984.

## Bikarkeppni.

Meistaraflokkur kvenna.

1.umferð

| | |
|---|---|
| ÍR a:UMFN | 40:47 |
| ÍS:KR | 56:26 |
| ÍA:ÍR b | 13:38 |

2.umferð, undanúrslit.

| | |
|---|---|
| ÍR b:Haukar | 43:64 |
| UMFN:ÍS | 39:47 |

3.umferð, úrslit.

| | |
|---|---|
| Haukar:ÍS | 69:57 |

Meistaraflokkur karla.

1.umferð

| | |
|---|---|
| ÍS:KR | 58:62 |
| Reynir:ÍBK | 36:63 |

2.umferð

| | |
|---|---|
| ÍA:UMFG | 51:58 |
| Haukar:UBK | 86:58 |
| HK:UMFN | 44:113 |
| Valur:ÍR | 84:79 |
| KR:UMFS | 64:84 |
| Snæfell:Fram | 82:86 |
| Þór:ÍBK | 57:68 |
| UMFL:KR | 62:84 |

3.umferð

| | |
|---|---|
| Haukar:UMFG | 99:67 |
| KR:UMFN | 89:75 |
| UMFS:Valur | 64:89 |
| Fram:ÍBK | 71:83 |

4.umferð, undanúrslit.

| | |
|---|---|
| ÍBK:KR | 72:74 |
| Valur:Haukar | 93:92 |

5.umferð, úrslit.

| | |
|---|---|
| Valur:KR | 79:94 |

2.flokkur kvenna.

| | |
|---|---|
| ÍBK:Haukar | 33:26 |
| UMFS:ÍBK | skýrslu vantar, ÍBK vann. |
| ÍR:KR | 20:23 |

Úrslit KR:ÍBK 30:32

2.flokkur karla

1.umferð

| | |
|---|---|
| ÍR:Valur | 68:80 |
| ÍBK:Fram | 2:0 |
| UMFN:KR | 71:68 |

2.umferð, undanúrslit.

| | |
|---|---|
| Valur:UMFN | 89:91 |
| Haukar:ÍBK | 87:57 |

Úrslit, UMFN:Haukar 76:63

3.flokkur karla.

1.umferð

| | |
|---|---|
| UMFG:ÍA | 107:45 |
| UMFN:KR | 68:59 |
| Valur:Haukar | 72:74 |
| ÍBK:ÍR | 65:67 |

2.umferð, undanúrslit.

| | |
|---|---|
| Haukar:UMFG | 61:66 |
| ÍR:UMFN | 91:81 |

3.umferð, úrslit.

| | |
|---|---|
| UMFG:ÍR | 71:76 |

4.flokkur karla

1.umferð

| | |
|---|---|
| UMFN:Haukar | 40:64 |
| UMFS:ÍR b | 63:28 |
| KR b: UMFG | 28:33 |

2.umferð

| | |
|---|---|
| Valur:UMFS | skýrslu vantar UMFS vann |
| KR a:ÍR a | 49:51 |
| ÍBK:Fram | 72:34 |
| UMFG:Haukar | 55:43 |

3.umferð,undanúrslit.

| | |
|---|---|
| UMFS:ÍBK | skýrslu vantar UMFS vann |
| ÍR:UMFG | 50:52 |

4.umferð, úrslit

| | |
|---|---|
| ÍBK:UMFG | 63:52 |

Framhaldsskólamót pilta, þátttökulið voru 17.

A-riðill.

Tækniskólinn - í úrslit
Fjölbrautaskólinn Ármúla
Menntaskólinn á Akureyri
Verslunarskólinn

B-riðill.

Mennntaskólinn á Laugarvatni
Íþróttakennaraskóli Íslands - í úrslit
Menntaskólinn við Sund
Iðnskólinn í Reykjavík

C-riðill.

Fjölbrautarskóli Suðurnesja - í úrslit
Menntaskólinn í Reykjavík
Kennaraháskólinn
Fjölbrautarskólinn á Akranesi

D-riðill.

Flensborg - í úrslit
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Garðaskóli
Viðskiptadeild Háskóla Íslands
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Úrslitakeppni.

Tækniskólinn:Flensborg 66:112
Íþróttakennarask:Fjölbr.sk.
Suðurnesja 68:62

Úrslitaleikur.

Íþróttakennaraskóli Íslands:Flensborg 90:86

Framhaldsskólamót stúlkna, þátttökulið voru 11

A-riðill.

Ármúlaskóli
Menntaskólinn á Akureyri - í úrslit
Menntaskólinn á Laugarvatni
Íþróttakennaraskóli Íslands

B-riðill.

Garðaskóli
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti - í úrslit
Fjölbrautarskólinn á Akranesi
Fjölbrautarskóli Suðurnesja - í úrslit
Flensborg
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn í Reykjavík

Úrslitakeppni.

Menntaskólinn á Akureyri:Fjölbrautarskólinn í Breiðholti 54:33

Úrslitaleikur.

Fjölbrautarskóli Suðurnesja:Menntaskólinn Akureyri 50:51

Grunnskólamót.

Í eldri flokki pilta tilkynntu 19 lið þátttöku.

A-riðill.

Grunnskólinn Borgarnesi
Grunnskólinn Njarðvík
Víðistaðaskóli - í úrslit
Álftamýrarskóli
Hagaskóli

B-riðill.

Holtaskóli Keflavík - í úrslit
Fellaskóli
Árbæjarskóli

C-riðill.

Grunnskóli Sauðárkróks - í úrslit
Æfingadeild Kennaraskólans
Laugalækjaskóli
Hvassaleitisskóli

D-riðill.

Heppuskóli, Höfn Hornafirði
Langholtsskóli - í úrslit
Lækjarskóli Hafnarfirði
Grunnskólinn Grindavík

E-riðill.

Grunnskólinn Ólafsvík
Grunnskólinn Stykkishólmi - í úrslit
Grunnskólinn Hellissandi

Úrslitakeppni.

| | |
|---|---|
| Langholtsskóli:Stykkishólmur | 67:41 |
| Holtaskóli:Víðistaðaskóli | 49:42 |
| Sauðárkrókur:Langholtsskóli | 65:40 |

Úrslitaleikur.

| | |
|---|---|
| Holtaskóli:Sauðárkrókur | 86:56 |

Í yngri flokki pilta tilkynntu 9 lið þátttöku.

A-riðill.

Grunnskólinn í Njarðvík
Holtaskóli Keflavík - í úrslit
Grunnskólinn í Grindavík

B-riðill.

Víðistaðaskóli
Hagaskóli - í úrslit
Langholtsskóli

C-riðill.

Grunnskólinn í Ólafsvík - í úrslit
Grunnskólinn í Stykkishólmi
Grunnskólinn á Hellissandi

Úrslitakeppni.

Hagaskóli:Holtaskóli 27:21

Úrslitaleikur.

Hagaskóli: -Ólafsvík 26:25

Í stúlknaflokki tóku 9 lið þátt.

A-riðill.

Grunnskólinn í Njarðvík
Holtaskóli Keflavík - í úrslit
Grunnskólinn í Grindavík

B-riðill.

Grunnskólinn Borgarnesi
Víðistaðaskóli - í úrslit
Hagaskóli

C-riðill.

Grunnskólinn Stykkishólmi - í úrslit
Grunnskólinn í Ólafsvík
Grunnskólinn á Hellissandi

Úrslitakeppni.

Holtaskóli:Víðistaðaskóli 34:14

Úrslitaleikur.

Holtaskóli:Stykkishólmur 36:7

Því miður tilkynntu engin lið þátttöku í FIRMAKEPPNI KKÍ þrátt fyrir að tvíauglýst hafi verið eftir þátttökutilkynninguna.
Í mótanefnd voru ásamt undirritaðri Þórdís Kristjánsdóttir og Guðni Ölversson og vil ég að lokum þakka þeim gott samstarf.

Kolbrún Jónsdóttir.

Skýrsla dómaranefndar.

Í vetur voru gerðar nokkrar skipulagsbreytingar á niðurröðun dómara því að á síðasta Ársþingi var samþykkt ný reglugerð fyrir dómara.
Var hugmynd þeirra sem að tillögunum stóðu að reyna að koma í veg fyrir að þau atriði, sem helst hafa farið úrskeiðis undanfarin ár, endurtækju sig.

Segja má að fæst þessara markmiða hafi orðið að veruleika í vetur, mestmegnis vegna þess að ekki tókst að mynda nægilega marga dómarahópa til að sinna verkefnum vetrarins.

Störf dómaranefndar gengu því mest út á hefðbundnar "reddingar" eins og svo oft undanfarin ár. Þrátt fyrir sérþarfir nokkurra dómara tókst bærilega að raða niður dómurum á leiki, þó svo undantekningar hafi því miður orðið þar á í fáum tilfellum. Viljum við þakka þeim dómurum sérstaklega sem ávallt voru reiðubúnir að hjálpa til á síðustu stundu (taki þeir til sín sem vita að þeir eiga það skilið).

Þó svo ekki hafi tekist eins vel til við framkvæmd á hinni nýju reglugerð eins og menn gerðu sér vonir um teljum við rétt að halda áfram með svipað skipulag, því með reynslu vetrarins í huga má vel lagfæra það ,sem miður hefur farið.

Í haust rættist langþráður draumur okkar dómara, þegar David Turner frá F.Í.B.A. kom hingað til lands og hélt hér dómaranámskeið. Þeir dómarar sem námskeiðið sóttu voru allir á einu máli um að það hefði tekist mjög vel og mátti sjá í fyrstu leikjum vetarins að Turner hafði bent mönnum á ýmis atriði sem þeir höfðu ekki lagt mikla áherslu á í dómgæslu sinni undanfarin ár. Það verður þó að segjast eins og er að þegar líða tók á mótið féllu sum þessara atriða í fyrri farveg. Árangur þessa námsskeiðs Turners var þó góður þegar á heildina er litið og þrátt fyrir harmagrát nokkurra leikmanna í vetur var dómgæslan að mörgu leyti betri en undanfarin ár.

Fyrir hönd Dómaranefndar hélt Gunnar Valgeirsson 4 dómaranámskeið í vetur. Útskrifuðust alls 58 einstaklingar af þeim 17 í Keflavík, 9 í Reykjavík, 23 í Grindavík og 9 á Egilsstöðum.

Ekki er svo að skilja að allir þessir einstaklingar ætli sér að dæma, því margir komu á námsskeiðið til að kynna sér reglurnar. Næsta dómaranefnd verður að reyna að virkja sem flesta einstaklinga því fyrirséður er dómaraskortur á næstu keppnistímabilum ef ekki koma nýir menn til starfa.

Að lokum þakkar dómaranefnd framkvæmdastjóra KKÍ, Kolbrúnu Jónsdóttur fyrir að halda okkur við efnið í vetur.

Gunnar Valgeirsson

Davíð Sveinsson

Skýrsla fræðslustjóra.

Þar sem ég tók við starfinu þann 8.febrúar 1984 þá kvitta ég aðeins fyrir það sem gert hefur verið frá þeim tíma.

Fyrsta verkefnið var að koma B-stigs námsefninu í og út úr prentvélunum. Eftir að hagstæðasta tilboðið hafði verið valið þá hófst fjármögnum verksins en þetta námsefni er að mestu leyti fjármagnað með auglýsingum og á þessum erfiðu tímum gekk ekki of vel að safna auglýsingum og er það ástæða fyrir því hversu mikið útgáfa námsefnisins hefur dregist svo sem raun ber vitni. Þegar þetta er skrifað er efnið ekki komið út en er lofað á næstu dögum. Nokkrar bækur verða strax sendar í Íþróttakennaraskólann en fyrsta B-stigs námskeiðið er áætlað í haust.

Hilmar Gunnarsson

fræðslustjóri KKÍ

Skýrsla unglinganefndar KKÍ.

Unglinganefnd KKÍ 1983-1984 skipuðu eftirtaldir:

Einar Bollason
Helgi Helgason
Jón Sigurðsson
Torfi Magnússon

Ákveðið var í upphafi starfsárs að Unglinganefnd KKÍ skyldi starfa sjálfstætt fjárhagslega án beinna styrkja frá stjórn KKÍ. Starfssvið nefndarinnar var meðal annars:

a) að afla tekna til reksturs unglingaliða KKÍ (juniora og Kadetta-liða).
b) að sjá um þjálfun unglingaliða KKÍ.
c) að starfrækja æfingabúðir unglinga.
d) að sjá um innlend og erlend samskipti.
e) að skipuleggja keppnisferðir til útlanda og taka á móti erlendum heimsóknum.

Starfsemin hófst með 4 daga æfingabúðum að Selfossi í maí sl. fyrir 50 drengi á aldrinum 13-15 ára. Þetta var 1.þáttur í 2ja ára markvissri uppbyggingu drengjalandsliðs Íslands (kadetta), sem hefur Evrópumeistaramót 1985 að lokaverkefni.

Í júní hófst undirbúningur unglingalandsliðs Íslands (juniora) að Evrópumeistaramóti í Þýskalandi í apríl sl. með heimsókn úrvalsliðs juniora frá Kentucky fylki í U.S.A.
Leikmenn voru eftirtaldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kristinn Albertsson | Valur | Ólafur Guðmundsson | KR |
| Bragi Reynisson | ÍR | Matthías Einarsson | KR |
| Björn Steffensen | ÍR | Guðni Guðnason | KR |
| Kristján Einarsson | ÍR | Jóhannes Kristbjörns | KR |
| Kristinn Einarsson | UMFN | Guðbrandur Stefáns. | ÍBK |
| Henning Henningsen | Haukum | Guðjón Skúlason | ÍBK |
| | | Sigurður Ingimundarson | ÍBK |

Úrslit Ísland - Kentucky 76-96.

Í lok ágúst voru haldnar 4 daga æfingabúðir að Selfossi fyrir 60 drengi víðs vegar að af landinu. Þjálfurum félaga var boðin þátttaka og notfærðu sér það margir.

Í byrjun september voru haldnar 3 daga æfingabúðir að Selfossi fyrir juniora-lið með þátttöku 20 unglinga 16-18 ára. Þetta var liður í undirbúningi væntanlegra keppnisferðar til Kentucky í USA.

Í desember voru haldnar æfingabúðir í Reykjavík fyrir kadetta liðið með þátttöku 40 drengja. Drengir utan af landi gistu í dvalarheimili Guðm. Jónassonar við Sigtún.

Í byrjun árs 1984 var endurgoldin heimsókn Kentucky liðsins og farin 9 daga æfinga- og keppnisferð til U.S.A. Leikið var meðal annars við Sullivan Junior College , Lindsey-Wilson Junior College og Brescia College. Ferðin tókst með ágætum og okkur mikill sómi sýndur. Leikmenn og þjálfarar voru tvívegis sérlegir heiðursgestir á háskólaleikjum. Annars vegar hjá Danny Cum þjálfara Louisville og hins vegar hjá Joe B. Hall þjálfara Kentucky háskóla í Lexington.
Leikmenn voru eftirtaldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bragi Reynisson | ÍR | Henning Henningsen | Haukum |
| Kristján Einarss. | ÍR | Ívar Ásgrímsson | Haukum |
| Karl Guðlaugsson | ÍR | Hreiðar Hreiðarsson | UMFN |
| Guðni Guðnason | KR | Kristinn Einarsson | UMFN |
| Ólafur Guðmundss. | KR | Sigurður Ingimundars. | ÍBK |
| Guðmundur Björns. | Þór | Guðjón Skúlason | ÍBK |

Æfingar hjá Juniora liði hófust í byrjun apríl og voru kallaðir til 3 leikmenn sem dvalið hafa í USA við nám og æfingar í vetur.

Evrópukeppni "Juniora" í Wolfenbüttel í V-Þýskalandi dagana 21. - 25.apríl 1984.

Úrslit urðu sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| V-Þýskaland - Ísland | 89-79 | (43-45) |
| Tékkóslóvakía - Ísland | 86-61 | (47-34) |
| Ísrael - Ísland | 89-62 | (34-33) |
| Ísland - Skotland | 80-59 | (34-28) |

Úrslit riðilsins urðu þessi:

1. V-Þýskaland — komast áfram
2. Tékkóslóvakía — komast áfram
3. Ísrael
4. Ísland
5. Skotland

Verður að telja þessi úrslit nokkuð góð, þar sem hér var um mjög sterkar þjóðir að ræða.

Í mótslok var valinn "leikmaður mótsins" og hlaut Jóhannes Kristbjörnsson Íslandi þann heiður.
Einnig átti Ísland stigahæsta leikmann mótsins, en það var Birgir Mikaelsson, sem skoraði um 20 stig að meðaltali í leik.

Leiknir voru tveir leikir í Luxembourg í upphafi ferðarinnar við A-landslið Lux og síðan gegn Juniora-liði Lux.

Úrslit urðu sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| A-Lux - Ísland | 71-69 | (æfingaleikur) |
| Juniorar Lux - Ísland | 58-101 | |

Leikmenn voru eftirtaldir:

| | |
|---|---|
| Henning Henningsson | Haukum |
| Hreiðar Hreiðarsson | UMFN |
| Kristinn Einarsson | UMFN |
| Sigurður Ingimundarson | ÍBK |
| Guðjón Skúlason | ÍBK |
| Karl Guðlaugsson | ÍR |
| Guðni Guðnason | KR |
| Matthías Einarsson | KR/USA |
| Birgir Mikhaelsson | KR/USA |
| Jóhannes Kristbjörnss. | KR/USA |

Framundan eru 2 ákveðin verkefni. Fyrst verður haldið á alþjóðlegt drengjamót í Alvík í Svíþjóð dagana 10. - 16.júní. Valin hefur verið 28 manna hópur sem skipa mun 2 lið á mótinu. Síðan verður tekið á móti úrvalsliði frá Kentucky þann 17.júní og fyrirhugað að leikur liðsins við juniora lið Íslands verði liður í dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík.

Það sem einna helst hefur auðveldað Unglinganefndinni störfin sl. ár er mikil og góð samvinna við foreldra unglinga landsliðs drengjanna. Án þessa samstarfs við foreldra hefði ekki tekist eins vel til og raun ber vitni. Unglinganefnd KKÍ vill hér með koma á framfæri sérstöku þakklæti til þessara foreldra.

Unglinganefnd KKÍ telur áhjákvæmilegt annað en að beinn fjárhagslegur stuðningur frá stjórn KKÍ komi til, ef reka á jafn viðamikið unglingastarf og gert hefur verið í vetur.

A-landslið 1984.

Æfingar vegna þátttöku í C-riðli E.M. hófust 7.apríl undir stjórn Hilmars Hafsteinssonar.
Eftirtaldir leikmenn voru valdir til æfinga:

Jón Sigurðsson KR,
Garðar Jóhannsson KR,
Torfi Magnússon Val,
Kristján Ágústsson Val,
Jón Steingrímsson Val,
Tómas Holton Val,
Hreinn Þorkelsson ÍR,
Gylfi Þorkelsson ÍR,
Flosi Sigurðsson University of Washington,
Ríkharður Hrafnkelsson Snæfell,
Þorvaldur Geirsson Fram,
Pálmar Sigurðsson Haukum,
Jónas Jóhannesson Reyni,
Sturla Örlygsson UMFN,
Valur Ingimundarson UMFN,
Jón Kr. Gíslason ÍBK,

Alls voru æfingarnar 15 og auk þess var tekið þátt í Stórmóti Sparisjóðs Keflavíkur. Eftir það mót var valið 10 manna lið fyrir E.M. í Noregi. Í liðinu voru Jón Sigurðsson, Garðar Jóhannesson, Torfi Magnússon, Kristján Ágústsson, Jón Steingrímsson, Pálmar Sigurðsson, Flosi Sigurðsson, Sturla Örlygsson, Valur Ingimundarson og Jón Kr. Gíslason.

Farið var til Noregs 25.apríl sama dag og keppnin hófst. Var farið svo seint til að spara fé.

Í ferðinni voru auk fyrrtaldra leikmanna Hilmar Hafsteinsson, þjálfari, Svandís Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari, Sigurður Valur Halldórsson, dómari og Sigurður Hjörleifsson,aðstoðarþjálfari, fararstjóri og videotæknir.

Fyrsti leikur Íslands var 26.apríl og fóru leikirnir fram sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Ísland:Noregur | 63:84 | |
| Ísland:Portugal | 59:65 | (56:56) |
| Ísland:Danmörk | 76:80 | |
| Ísland:Skotland | 96:95 | (89:89) |

Í þessum leikjum kom í ljós að þegar verið er að taka þátt í keppni sem þessari er algjör nauðsyn að leika landsleiki eða aðra álíka leiki fyrir keppnina ef ætlast á til einhvers árangurs af liðinu. Tveir af leikjum liðsins töpuðust örugglega vegna skorts á leikæfingu. Sem dæmi um undirbúning annarra liða fyrir keppnina má nefna norska liðið sem æfði 150 sinnum og lék 30 leiki, bæði landsleiki og leiki við bandarísk háskólalið, enda árangur þess eftir því. Ef íslenska liðið hefði fengið þó ekki væri nema 1/3 af því sem norska liðið fékk í æfingum og leikjum hefðu úrslit orðið önnur því mikið býr í þessu liði. Eftir síðasta leik okkar tilkynnti fyrirliði liðsins Jón Sigurðsson að þetta hefði verið sinn síðasti landsleikur og endaði hann ferilinn eins og fyrirliða sæmir, með því að skora jöfnunarkörfuna sem gaf okkur framlengingu og skoraði síðan sigurstigin úr vítaskotum. Eftir á kom fram mikill áhugi hjá þjálfurum og leikmönnum að halda Jóni áfram við landsliðið og þá sem aðalþjálfara A-landsliðsins.

Yrði örugglega mikið happ fyrir íslenskan körfuknattleik ef svo yrði
Nú þegar hafa komið fram menn sem tilbúnir væru til samstarfs við
Jón sem landsliðsnefndarmenn.

Sigurður Hjörleifsson.

| NÖFN | SKOT | | | | | VÍTI | | | | FRÁKÖST | | | VÖRN | | | | "TURN OVERS" | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Stutt | Miðlungs | Löng | Alls | % | Tekin/hitt | % | Stig skoruð | Stoðsendingar(assist) | Varnar | Sóknar | Alls | Blokkuð skot | Stolinn bolti | Annað | Alls | Skref/ofrek | 3 sekúndur | Misheppnuð sending | Annað | Alls | Villur |
| Pálmar Sigurðsson | 1/1 | 0/1 | 1/3 | 2/5 | 40 | 2/2 | 100 | 6 | 4 | - | 1 | 1 | - | 1 | 2 | 3 | - | - | 1 | - | 1 | 1 |
| Jón Sigurðsson | 2/6 | 5/9 | 5/13 | 12/28 | 42,8 | 11/17 | 64.7 | 35 | 29 | 8 | 2 | 10 | 1 | 12 | 2 | 15 | - | - | 12 | 6 | 18 | 13 |
| Torfi Magnússon | 14/23 | 10/19 | 0/2 | 24/44 | 54,6 | 17/27 | 63 | 65 | 1 | 9 | 8 | 17 | 3 | 4 | 1 | 8 | - | - | 1 | 4 | 5 | 13 |
| Garðar Jóhannsson | 0/1 | 8/16 | 5/13 | 13/30 | 43,3 | 4/8 | 50 | 30 | 2 | 7 | 4 | 11 | 3 | - | 1 | 1 | - | - | 2 | 2 | 4 | 11 |
| Kristján Ágústsson | 11/21 | 6/16 | 2/5 | 19/42 | 45,3 | 9/14 | 64,2 | 47 | 5 | 16 | 9 | 25 | - | 4 | - | 4 | 1 | - | 2 | 4 | 6 | 15 |
| Sturla Örlygsson | 5/10 | 0/2 | 0/3 | 5/15 | 33,3 | 3/5 | 60 | 13 | 2 | 11 | 7 | 18 | - | 6 | 1 | 7 | - | 1 | 2 | 5 | 8 | 17 |
| Jón Steingrímsson | 0/0 | 0/1 | 1/2 | 1/3 | 33,3 | 0/0 | 0 | 2 | 3 | - | - | - | - | 2 | - | 2 | - | - | 1 | - | 1 | 2 |
| Flosi Sigurðsson | 11/16 | 7/20 | 2/6 | 20/42 | 47,6 | 6/8 | 75 | 46 | - | 27 | 5 | 32 | 6 | 3 | 6 | 15 | 3 | 2 | 1 | 8 | 14 | 18 |
| Jón Kr. Gíslason | 2/7 | 0/0 | 1/1 | 3/8 | 37,5 | 5/7 | 71,4 | 11 | 10 | 6 | 2 | 8 | - | 2 | - | 2 | 2 | - | 1 | 1 | 2 | 5 |
| Valur Ingimundarson | 4/12 | 8/22 | 4/8 | 16/42 | 38 | 5/6 | 83,3 | 37 | 4 | 11 | 3 | 14 | 1 | 3 | - | 4 | 2 | - | 5 | 5 | 12 | 13 |